

Fréttabréf



„Ég gefst ekki upp“

Sparksleðar - skíðasleðar

Sumarútleiga orlofshúsa 2022

Viðtal við Lilju Sæmundsdóttur



VEIÐIKORTIÐ 2022

Veidikortið fyrir 2022 kom í sölu í desember eins og undanfarin ár. Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang að 36 vatnasvæðum vítt og breitt um landið. Kortið kostar 8.900 krónur í almennri sölu en 5.000 krónur fyrir félagsmenn FIT. Hver félagsmaður getur keypt eitt veidikort. Glæsileg handbók fylgir kortinu.

BRIDGE

Áfram er fyrirhugað að vera með bridge-kvöld á nýju ári ef Covid-19 leyfir. Þá verður spilað aðra hverja viku fram til vors. Allir velkomnir. Vinsamlegast fylgist með heimasíðu FIT þar sem spilakvöldin verða auglýst.

ORLOFSHÚSABÆKLINGUR FIT 2022 ER KOMINN ÚT.

Boðið er upp á yfir 30 orlofsíbúðir út á landi auk íbúðar í Reykjavík og húss á Florida sem er í dagsleigu. Afsláttur á ferðum með ferðaskrifstofum, afsláttur vegna hót-elgistinga, veidikortið og fleira. Félagsmenn FIT eru eindregið hvattir til að nýta sér einhvern af þeim möguleikum sem þarna eru í boði.



ÚTILEGURKORTIÐ 2022

Með hækkandi sól mun Útilegukortið einnig verða til sölu á orlofsvef FIT. Því miður eru ekki komnar upplýsingar um verð á korti ársins en það verður niðurgreitt af FIT. Kortið veitir tveim fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila. Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla.

DAGBÓK 2022

Dagbókin 2022 er fáanleg fyrir félagsmenn FIT. Dagbókin er með upplýsingasíður um FIT og í henni má finna ýmsan gagnlegan fróðleik. Félagsmenn geta sent okkur póst á netföngin helgaa@2f.is eða helga@2f.is eða hringt í síma-númer **540-0100**.

Við munum senda ykkur eintak af bókinni strax.

FÉLAGSSKÍRTEINI

Minnum á að allir félagsmenn FIT geta sótt um félagsskírteini hér hjá okkur á Stórhöfða 31 eða sent póst á helga@2h.is. Félagsskírteini veita félagsmönnum afslátt hjá fjölda fyrirtækja. Flestir afslættirnir eru á bilinu 5% til 15%. Það má nálgast upplýsingar um fyrirtækin á [minum síðum á fit.is](http://minum.sidum.a_fit.is)

IDAN-FRÆÐSLUSETUR

Ný námskeið á vorönn

Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér hvað IDAN-fræðslusetur hefur upp á að bjóða á vorönn. Á hverri önn eru fjölbreytt námskeið haldin í Iðunni, bæði sérhæfð fagnámskeið og námskeið almenns eðlis. Allar upplýsingar um námsframboð er að finna á heimasíðu Iðunnar: idan.is



SVEINALISTI Í BYGGINGA-GREINUM

Á þessari síðu: <https://samidn.is/sveinalisti/> má finna lista yfir þá aðila sem hafa klárað sveinspróf í bygginga-greinum.

Áfram gakk!

Mikilvæg vinna framundan

Kjarasamningar í haust

Nú í haust hefst næsta lota í kjarasamningsgerð og sem fyrr hlusta forsvarsmenn FIT á raddir félagsmanna sinna. Unnið verður í þeim samningum með nokkur atriði að leiðarljósi, ekki síst að verja kaupmátt félaga í FIT og sækja það sem okkur ber af krafti og einurð. Upp úr mánaðarmótum verður send út könnun til félagsmanna þar sem leitað er eftir þinni röddu um hvað leggja beri áherslu á og við hvetjum alla til að láta í sér heyra og taka þátt!

Fjölgun félaga og nýr bústaður

Eins og áður hefur verið skýrt frá bættist Félagi iðn- og tæknigreina góður liðsauki nýlega þegar Félag hársnyrtisveina gekk til liðs við félagið. Sameiningin er hagur beggja, stærra og öflugra stéttarfélag eykur ekki aðeins þjónustuna við félagsmenn, heldur stendur vörð um réttindi og kjör félagsmanna. Og þessum liðsauka fylgdi líka góð búbót fyrir alla félagsmenn, enda fjölgar orlofsbústöðum FIT um einn við þetta. Orlofshúsið að Svignaskarði 27 er í um 20 mínútna akstursfjarlægð frá Borgarnesi eftir þjóðvegi 1. Orlofshúsið er um 77 fm, með stórum palli og heitum potti. Stutt er í sundlaug að Varmalandi, smávörverslun í Baulu og margir sögufrægir staðir í nálægð. Félagsmenn í FIT geta sótt um þann bústað, sem og önnur orlofshús í eigu félagsins, frá og með næsta mánuði er hægt að sækja um bústað fyrir næsta sumar og hvetjum við alla til að sækja um.

Allir vinna - fram á haust

Stjórnvöld ákváðu í tengslum við síðasta fjárlagafrumvarp að framlengja átakið Allir vinna fram á haust, þó með breytingum. Átakið hófst árið 2020 sem hluti aðgerða vegna Covid faraldursins og sannaði gildi sitt svo um munaði á skömmum tíma. Full endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna nýbygginga, endurbóta og viðhalds framlengist út ágústmánuð en eftir þann tíma nemur endurgreiðslan 60%. Stjórnvöld treystu sér hins vegar ekki til að framlengja 100% endurgreiðslu vegna viðgerða, réttinga eða málningu bifreiða, og er það miður. Forsvarsmenn FIT hvetja stjórnvöld til viðsýni og stuðnings við þau mikilvægu störf sem félagsmenn okkar inna af hendi og horfa til lengri tíma með meiri stuðningi. Átakið virkar og því ætti ekki aðeins að halda því áfram, heldur útvíkka og auka!

Mikilvægi VIRK

Í þessu blaði er fróðlegt viðtal við iðnaðarmann sem naut þjónustu ráðgjafa VIRK vegna veikinda og síðan um endurhæfingaráætlunina sem unnið var eftir, sem varð þess valdandi að hann hóf störf að nýju. Það vill enginn lenda í því að missa heilsu eða möguleika til að starfa vegna slíkra aðstæðna.

Í næsta mánuði verða rétt 14 ár frá því að samið var um í kjarasamningum um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar og var VIRK Starfsendurhæfingarsjóður stofnaður í framhaldi af því. Þeir félagar í FIT sem geta ekki sinnt sínu starfi að hluta eða öllu leyti, geta ekki tekið þátt á vinnumarkaði vegna heilsubreysts sem rekja má til veikinda eða slysa eða eru frá vinnu í lengri tíma vegna andlegra þátta, eiga rétt á þjónustu VIRK. Markmiðið með starfsemi VIRK er að aðstoða einstaklinga til að komast aftur út á vinnumarkaðinn eins fljótt og verða má og er lítið til þess að viðkomandi geti tekið þátt í athöfnum daglegs lífs og sinnt starfsendurhæfingu. Starfsemi VIRK er orðin viðurkennd og þekkt í samfélaginu og læknar eru duglegri en áður að vísa á þennan möguleika. Fjölmargir nýta veikindarétt sinn en þegar honum lýkur aðstoða ráðgjafar VIRK hvert hægt er að leita eftir aðstoð. Mikilvægi VIRK fyrir félaga FIT verður ekki undirstrikað nægilega og við hvetjum alla félagsmenn okkar sem telja sig þurfa á þjónustunni að halda, að sækja hana og við liðsinnum að sjálfsgöðu þeim sem þurfa.

Vinnutímastytting og launahækkanir

Nú um áramótin tóku gildi tvíþættar launahækkanir og er afar mikilvægt að félagar athugi stöðuna á þeim málum hjá sér. Þegar launahækkanir sem tóku gildi 01. janúar 2022 eru skoðaðar er rétt að benda á að annars vegar var um almenna launahækkun að ræða en sú upphæð er 17.250 kr. hjá þeim sem eru yfir lágmarkslaunum í landinu og hins vegar eru sérstakar hækkanir á lágmarkstöxtum og launatöflum kjarasamninga upp á 25.000 kr. Þannig greiðist yfirvinna 1 með tímakaupi sem samsvarar 1,00% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu og yfirvinna 2 greiðist með tímakaupi sem samsvarar 1,15% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Það verður aldrei brýnt um of fyrir félagsmönnum að athuga hvort ekki hafi verið staðið við þessar launahækkanir og láta vita ef misbrestur verður þar á. Félagið er með öfluga eftirlitsstarfsemi fyrir félagsmenn og bregst strax við ef ekki er staðið við gerða kjarasamninga.

Þá er jafnframt rétt að benda á að á sama tíma og áðurnefndar launahækkanir tóku gildi, tók jafnframt gildi einhliða ákvörðun starfsmanna í kosningu um styttingu vinnutíma. Þetta er mikið baráttumál sem tókst að knýja í gegn og gildir sú regla að meirihluti ráði í kosningu. Ákvæðið á þó ekki við ef þegar hefur verið samið um styttingu vinnutímans í samræmi við kjarasamninga um styttingu vinnutímans. Leiki einhver vafi á útfærslum, framkvæmd eða gildi þessa ákvæðis, eru félagsmenn hvattir til að hafa samband við skrifstofu félagsins eða senda tölvupóst á fit@fit.is til að leita aðstoðar.



Hilmar Harðarson
formaður

Göngur og gisting með Ferðaávisun

Ferðaávisun veitir nú aðgang að spennandi ævintýra- og gönguferðum með Ferðafélagi Íslands, Útivist og Fjallafjöri. Sem fyrr njóta félagsmenn sérkjara í krafti fjöldans en Ferðaávisun má nota allt árið um kring. Félagsmönnum gefst nú gullið tækifæri á að fara í skipulagðar ferðir um íslensk fjöll og firnindi.



Lágafell

Lágafellshópur Fjallafjörðs hentar í senn byrjendum og þeim sem vilja fara í styttri láglandsgöngur og gefa sér rúman tíma í að njóta þeirra. Þrjár annir eru yfir árið og hver önn samanstandur af 12 ferðum, 9 kvöldferðum og 3 dagsferðum.

Verð: 24.900 kr.



Fimmvörðuháls

24.-26. júní

Hin árlega Jónsmessuganga Útivistar yfir Fimmvörðuháls er einn af hápunktum í starfi Útivistar ár hvert. Lagt er af stað frá Reykjavík á föstudagskvöldi og gengið yfir Hálsinn um nóttina. Í dagun á laugardegi koma göngumenn niður í Bása þar sem tími gefst til að hvílast um stund. Um kvöldið er slegið upp grillveislu og kveiktur varðeldur þar sem Útivistar-gleðin ríkir.

Verð: 31.000 kr.



Hornstrandir

7.-10. júlí

Á Hornströndum renna haf og himinn saman í stórbrotinni fegurð og dulúð. Ævintýrið hefst með siglingu inn í Jökulfirði og heldur áfram þegar gengið er yfir í Hornbjargsvita, um hið mikla Hornbjarg og blómskrúðið í Hornvík. Stórbrotin fegurð blasir alls staðar við. Ekki spílir hin litríka og sérstæða mannifluga Fjöðlandsins. Gist er í þrjár nætur í Hornbjargsvita og dvalið við náttúruskoðun og gönguferðir.

Verð: 103.000 kr.



Laugavegur

13.-17. júlí

Vinsælasta gönguleið landsins lætur engan ósnottinn. Um er að ræða magnaða upplifun fyrir líkama og sál þar sem fjölbreytt landslag, óbrúðar ár, litkrúðug liparitsvæði, svartir sandar og grænir skógar verða á vegi göngugarpa. Um er að ræða fimm daga ferð undir leiðsögn þar sem rúta, trúss, gisting og fararstjóm er innifalinn.

Verð: 98.000 kr.



Sveinstindur - Skælingar

Um er að ræða eina fallegustu gönguleiðina á sunnanverðu hálandinu. Gangan hefst við Langasjó en gengið er í Sveinstindsskál. Þaðan er haldið niður með Skaftá í Skælinga þar sem einstakar hraunmyndanir setja svip á umhverfið. Frá Skælingum er gengið á Gjátind og niður í Eldgjá. Gangan endar í Hólaskjól þar sem gist er síðustu nóttina. Hægt er að velja um fjórar dagsetningar í sumari.

Verð: 60.000 kr.



Haustferð í Skaftártungu

Fjallafjör býður upp á helgarferð á Skaftártungu þar sem vel valdar perlur verða skoðaðar. Gengið verður á Gjátind, um Eldgjá, Ófærufoss skoðaður, Syðri-Ófæra, Gígvatn og fallegir fossar. Gist er í skálanum í Hólaskjól en þáttakendur fara á eigin bilum þangað. Innifalið er leiðsögn, gisting og rúta frá Hólaskjól til og frá göngustöðum.

Verð: 33.900 kr.



Strútsstígur

Gangan hefst í Hólaskjól en þaðan er um tveggja tíma gangur í skálanum við Álftavötn þar sem gist er fyrstu nóttina. Á öðrum degi er gengið með Svartahjúksfjöllum í Hólmsárbotna, með viðkomu í Strútslaug, þaðan er gengið í Strútskál þar sem gist er í tveir næstur og einstakt umhverfi skálans skoðað. Á lokadegi liggur leiðin um Mælifellssand í Hvanngil þar sem rúta tekur upp hópinn. Hægt er að velja um fjórar dagsetningar í sumari.

Verð: 58.000 kr.



Jóga, núvítund og göngur í Þórsörk

17.-19. júlí Þessi ferð býður upp á allt það besta sem finna má í Þórsörk. Gist verður tveir nætur í skála Ferðafélags Íslands í Langadal. Ein fegursta og fjölbreyttasta gönguleið landsins verður gengin en hún skartar ægifögru útsýni yfir Þórsörk. Áhersla verður á að njóta, en ekki þjóta. Farið verður í morgunþóga, nidra-djúpslokun auk þess sem hópinn verður endurnærður með göng-tónheillun í ósnottinni náttúrunni.

Verð: 50.000 kr.



HÚSFAGFÉLAGANNA



BREYTINGAR Á KJÖRUM 1. JANÚAR 2022

- Nánari upplýsingar um breytingar á kjörum er að finna á heimasíðum félaganna.

- Öll dagvinnulaun hækka um a.m.k kr 17.250 1. janúar 2022.
- Tímakaup í dagvinnu hækkar um 107,8 kr m.v 160 klst á mánuði.
- Tímakaup í dagvinnu hækkar um 110,6 kr m.v 156 klst á mánuði.
- Þegar vinnutími er stytur 1.1.2022 úr 160 klst í 157,08 klst þá er launahækkunin 1,86% + 110,6 kr á hverja klukkustund.





Sumarútleiga orlofshúsa 2022

Mánudaginn 14. febrúar er opnað fyrir umsóknir á orlofshúsasíðu FIT þar sem hægt er að sækja um sumarúthlutun.

Mánudaginn 28. febrúar er lokað fyrir umsóknir um sumarúthlutun.

Föstudaginn 4. mars eiga allir að hafa fengið svar við orlofsumsókn sinni.

Mánudaginn 14. mars lýkur greiðslufresti þeirra sem hafa fengið úthlutað.

Miðvikudaginn 16. mars klukkan 13:00 eru ógreiddar og óúthlutaðar vikur settar á orlofsvefinn og þá gildir „fyrstur kemur, fyrstur fær“.

Golf

Golfáhugamenn sem dvelja í eftirfarandi orlofsbústöðum FIT geta nýtt sér þessi fríðindi;

Úthlíð og Bláskógabyggð; Spilað frítt á Úthlíðarvelli þann tíma sem þeir dvelja í bústöðum FIT. Aðgangskortið gildir fyrir 4 spilara á dag hjá Golfklúbbum Úthlíð. Allar upplýsingar í síma 699 5500. Aðgangskortið gildir fyrir bústaðina; Skógarás 1, Kóningsvegur 1, Kóningsvegur 3, Heiðarbraut 8 og Heiðarbraut 10.

Borgarbraut 38 Stykkishólmi; Spilað frítt á Víkurvelli í Stykkishólmi. Aðgangskortið gildir fyrir 4 spilara á dag hjá Golfklúbbum Mosa. Allar uppl. í síma 438-1075. Víkurvöllurinn er rétt hjá orlofshúsi FIT

Öndverðarnes; Fengið 50% afslátt af vallargjöldum Golfklúbbs Öndverðarness eins og þau eru hverju sinni. Skilyrði er að bókað sé á vefnum golf.is Aðgangur gildir fyrir 6 spilara frá hverju húsi. Framvísa skal leigusamningi í golfskála og félagsskírteini FIT. Aðgangur að Öndverðarnesvelli gildir fyrir bústaðina; Grjóthólsbraut eitt til fjögur og Réttarhólsbraut 40.



Gæludýr

Gæludýraeigendur hafa leyfi til að nýta sér tvö orlofshús FIT til samveru með sínum gæludýrum. Orlofshúsin sem um ræðir þar sem gæludýr eru leyfð eru **Kiðárbotnar í Húsafelli og Skógarás í Úthlíð**. Vinsamlegast athugið að lausaganga hunda er ekki leyfð á svæðinu. **Fólki með ofnæmi fyrir dýrum er ráðlagt að fara ekki í þessa bústaði.**





Um gengni og leiguverð á orlofshúsum FIT

Hér að neðan eru mikilvæg atriði sem vert er að lesa áður en lagt er af stað í orlofshús /íbúð FIT.

- Ef eitthvað er í ólagi í húsinu, skemmist eða brotnar meðan á dvöl ykkar stendur þá látið skrifstofu félagsins vita sem fyrst í síma **540 0100**, eða sendið póst á netfangið **fit@fit.is**.
- Leigutaki þarf að sjá um að húsið sé vel þrifið við brottför. Ef frágangi eða annarri umgengni er ábótavant áskilur FIT sér rétt til að innheimta sérstakt gjald af leigutaka fyrir þrif. **Þrífagjald er að lágmarki kr. 25.000.**
- Ef um tjón eða skemmdir á húsbúnaði / eignum FIT er að ræða og kostnaður því samhliða, ber leigutaka að greiða fyrir slíkt.
- Reikningur fyrir þrifum og/eða skemmdum verður sendur félagsmanni og er gjaldfrestur reiknings 15 dagar. Sé reikningur ekki greiddur innan tiltekins frests verður reikningurinn sendur í innheimtu með tilheyrandi kostnaði fyrir félagsmanninn, jafnframt er lokað á aðgang viðkomandi félagsmanns að orlofsvefnum þar til viðkomandi hefur gert upp sín mál gagnvart félaginu.
- Félagsmenn FIT fá að hámarki fulla inneign í orlofshúsa-kerfi FIT vegna viðurkenndra kvartana á orlofshúsum/íbúðum FIT. Allar kvartanir þurfa að berast skrifstofu FIT svo fljótt sem verða má. Gott er að senda myndir til staðfestingar ef hægt er.

Leiguverðið á orlofshúsum í sumarúthlutuninni 2022 verður óbreytt. Við minnum því á að forsenda þess að hægt sé að leigja orlofshúsin út á jafn hagstæðu verði og raun ber vitni er að leigjendum sé treyst fyrir því að þrifa vel við brottför.

Umgengni

Snyrtimennskan borgar sig

Nú þegar það er búið að betrubæta umsjón með bústöðum FIT þá ætti það að vera liðin tíð að félagsmenn komi að óþrífalegum bústað. Það gerist samt sem áður að félagsmenn ganga ekki nægjanlega vel um og skila bústaðnum óhreinum. Ef umsjonarmenn í eftirliti verða varir við það þá er leigjanda sendur þrífreikningur.

Félagsmaðurinn getur núna hringt í umsjonarmann bústaðar og fengið bústaðinn þriffin gegn vægu gjaldi. Kappkostum að ganga vel um

Það er gaman að geta hrósað félagsmönnum FIT fyrir góða umgengni í orlofshúsum félagsins en því miður er það ekki algilt. Það eru því miður einstaka félagsmenn sem ganga ekki snyrtilega um eitur sínar og annarra félagsmanna með nægjanlega mikilli snyrtimennsku og virðingu.

Við eigum að kappkosta að ganga vel um, hvar sem við erum. Við skiljum ekki eftir rusl, matarleifar og óhreinindi í orlofsbústöðunum fyrir næstu félagsmenn, heldur göngum frá eftir okkur. Þetta er ekki flókið. Sýnum félagsmönnum og félaginu þá virðingu að ganga snyrtilega um.

Vissulega hefur fólk mismunandi „óhreinindastuðul“ en stundum er það bara þannig að fólk hefur hreinlega snúið frá og farið heim aftur frekar en taka við húsi sem er óþrifið, með mat í ofni, óhreint á borðum og ælu í sturtubotni. Þessi lýsing er sem betur fer sjaldgæf en hún er þó sönn. Hitt er allt of algengt að þriffin séu ekki nógu góð og ekki sé þvegið yfir gólfín, líka þau sem ekki voru notuð, svo sem svefnloft. Það er einfaldlega þannig að alltaf safnast fyrir ryk og kusk þó herbergi eða svefnloft séu ekki notuð og því nauðsynlegt að strjúka yfir þau líka.

Allar umsóknir á orlofsvefnum

Eingöngu er hægt að sækja um á netinu. Þetta gildir fyrir alla orlofskosti sem sækja þarf um. Ef umsóknin vefst eitthvað fyrir fólki má senda tölvupóst á fit@fit.is eða fá upplýsingar í síma 540-0100.

Ekki er tekið við umsóknum í síma. Þegar sótt er um rafrænt þarf að innskrá sig með íslykli eða rafrænum skilríkjum og velja viðeigandi mánuð og tímabil í því húsi sem leigja á.

Félagsmenn eru hvattir til að sækja um sem flesta orlofskosti til að auka möguleika sína.

Sumarleiga orlofshúsa innanlands hefst föstudaginn 10. júní og lýkur 26. ágúst. Leigutímabil er frá kl. 16:00 á föstudegi til 12:00 næsta föstudag.

Ferðavagnar: Tjaldvagnar, fellihýsi og ferðabifreiðir.

Félagsmenn geta keypt sér afslátt vegna leigu á ferðavagni á orlofsvef FIT. Hægt er að sækja um ferðavagnaafslátt sem einn af orlofskostum þegar sótt er um rafrænt á orlofshúsasíðu, þegar opnað er fyrir umsóknir á orlofssíðu FIT. Þessi orlofskostur lítur sömu reglum og leiga á orlofshúsum FIT.

Í boði verða 30 ferðavagnaafslættir og kostar 5.000 krónur og 20 orlofspunkta að fá 25.000 króna afslátt á leigu. Hver félagsmaður getur einungis keypt einn afslátt. Þegar búið er að greiða fyrir afsláttinn á orlofsvefnum fær félagsmaður sent skjal sem þarf að prenta út og senda ásamt leigusamning á fit@fit.is og verða þá greiddar 25.000 krónur inn á reikning félagsmanns.

Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði:

- Leigusamningur þarf að vera á nafni félagsmanns.
- Leigusali þarf að vera skráður og starfandi ferðavagnaleiga.
- Leigutími á leigusamningi þarf að vera að lágmarki 6 dagar.

Ferðatilboð. Líkt og undanfarin sumur verður boðið uppá 30 ferðatilboð sem hægt verður að nýta hjá Úrval-Útsýn eða Sumarferðum. Kaupa þarf ferðatilboð í miðasölu á orlofsvef FIT og greiða kr. 5.000.- en í staðinn fæst afsláttarkóði upp á kr. 35.000.- sem sleginn er inn við kaup á ferð hjá annarri hvorri ferðaskrifstofunni. Afslátturinn gildir í ferðir á tímabilinu maí til september. Athugið að þeir sem kaupa ferðaávisun geta ekki fengið forgangsúthlutun í orlofshús. Teknir eru 26 orlofspunktar af orlofsreikningi félagsmanns ef keypt er ferðaávisun.

Opnað verður fyrir sölu mánudaginn 8. febrúar og gildir strax að fyrstur kemur, fyrstur fær. Aðeins 30 ferðaávisanir eru til sölu.

Ferðaávisun. Ferðaávisun er inneign, sem félagsmenn geta notað til að greiða fyrir gistingu hjá einhverjum af fjölmörgum samstarfsaðilum okkar. Þú ert ekki skuldbundinn til að nota ávísunina á tilteknu hóteli/gistiheimili, eftir að hún hefur verið keypt. Upphæðina getur þú notað hjá hvaða samstarfsaðila okkar sem er. FIT niðurgreiðir hverja keypta inneign um 20% af að hámarki kr. 15.000 á hverju almanaksári.



Miðasala. Minnum einnig á að á „miðasala“ á orlofsvef FIT verður hægt að kaupa , veiðikortið, útilegukortið og afsláttar-miða í flug ásamt fleiru ef samningar takast um góð kjör.

Afslættir til félagsmanna. Munið að taka kortið með í friði, því að félagsskirteinið veitir afsláttarkjör í mörgum fyrirtækjum um allt land gegn framvísun þess. Hægt er að kynna sér alla afsláttarmöguleika með því að fara inn á heimasíðu FIT, **mínar síður** og velja afslættir.

Húsið í Orlando: Opnað er fyrsta virkan dag í mars kl. 13:00 og þá er opnað fyrir næsta ár á eftir. Dæmi: 1. mars 2021 kl. 13:00 er opnað allt árið 2023.

Húsið í Orlando. Opnað verður fyrir leigu á húsinu í Orlando á Flórída fyrir árið 2022 þriðjudaginn 1. mars kl.13:00 til félagsmanna FIT. Minnt er á að húsið rúmar 12 manns og sólarhringsleigan verður kr. 12.000.- auk þrifagjalds kr. 15.000.- fyrir hverja leigu. Staðgreiða þarf leiguna en bókanir og greiðsla er á orlofsvef FIT. Leiga hefst kl. 16:00 á komudag og lýkur kl. 10:00 að morgni brottfarardags.

LOKAÐ verður til 8. mars á bókanir þeirra sem hafa áður leigt húsið í Orlando

Þannig er þeim sem aldrei hafa leigt húsið veittur forgangur í 1 viku fram yfir þá sem áður hafa leigt.

Til að fá lykklakóða afhentan að húsinu í Orlando þarf leigjandi að framvísa flugmiða til Bandaríkjanna, sem sýnir veru hans þar á sama tíma og hann er að leigja húsið. Þetta er gert til að tryggja að leigjandinn í hverju tilfelli sé sjálfur að fara í húsið.



Sparksleðar - skíðasleðar

Saga sparksleðans eða skíðasleða hefur ekki verið skráð hér á Íslandi eftir okkar bestu vitund. Sleðarnir voru fjöldaframleiddir hér á landi á sjötta áratugnum hjá Vagnasmiðjunni.

Upphafið má rekja aftur til þess tíma þegar Vagna- og bílasmiðja Kristins Jónssonar hóf starfsemi sína árið 1904. Starfsemin hófst við Frakkastíg en flutti síðan að Grettisgötu 21 og var starfrækt þar til ársins 1969. Þar voru smíðaðar allar gerðir af kerrum, hestvögnum og handvögnum í byrjun en fljótlega eftir að flutt var á Grettisgötuna, var byrjað að smíðað yfirbyggingar á bíla og þar var smíðað yfir fyrsta pallbílinn sem kom til landsins. Árið 1933 var farið að klæða yfirbyggingar bíla með járn. Smátt og smátt tók sú starfsemi yfir og þar voru smíðaðar yfirbyggingar á Rútur, Wyllis jeppa, Gas, Landrover, International, Dodge, Weapon, Austin Gipsy og fl. Samhliða yfirbyggingum fór Vagnasmiðjan síðar að gera við tjónabíla.

Tveir ungi menn

Hrafnkell Gíslason er einn af fyrrverandi starfsmönnum Vagnasmiðjunnar fæddur í Reykjavík 1937 en hann hóf störf árið 1953 einungis 16 ára.

Annar ungur maður sem hóf störf á sama tíma og Hrafnkell heitir Sigurður Ísaksson, fæddur árið 1934, frá Ási í Ásahreppi. Seinna stofnaði Sigurður fyrirtækið Bifreiðabyggingar í Síðumúla ásamt Þorsteini Pálssyni og vann þar til ársins 2017 þegar hann var á 82 aldursári.

Þeir Hrafnkell og Sigurður fylgdust saman í námi í bílasmíði og útskifuðust sem sveinar árið 1957.

Þegar Hrafnkell hóf störf hjá Vagnasmiðjunni þá gerðist hann mikill áhugamaður um ljósmyndun. Hann eignaðist forlata Rolleiflex myndavél og einnig ljósmyndastækkara og tók mikið af myndum af félögum sínum í Vagnasmiðjunni. Nokkrar af þessar myndum birtum við nú hér í fyrsta skiptið á þessum síðum.



Sigurður Ísaksson.



Hrafnkell Gíslason.



Guðlaugur J. Guðlaugsson og Sigurður Ísaksson setja saman sleða.

Sleðaframleiðsla

Hrafnkell og Sigurður veittu okkur innsýn í það hvernig framleiðsla á sleðunum fór fram hjá Vagnasmiðjunni, og þetta er þeirra frásögn.

Vagnasmiðjan byrjaði að smíða sparksleða árið 1953 og þeir sem störfuðu við það unnu við það á kvöldin og á laugardögum í akkorði. Allir sem vildu fengu að vinna við framleiðsluna og allir voru á sömu launum hvort sem þeir voru lærlingar eða meistarar. Hjá Vagnasmiðjunni störfuðu um 15 manns. Framleiðslan var stillt upp þannig að eins og um fjöldaframleiðslu væri að ræða og þegar best gekk þá fór einungis ein klukkustund í að framleiða einn sleða. Heildarframleiðslan var um 1.500 sleðar á ári.



Magnús Gíslason og Þorsteinn Pálsson.



Guðmundur Ágústsson og Kristján Pálsson.

Norrænir sleðar

Sleðarnir voru sennilega að norski fyrirmynd. Flatstálið hert gæðastál sem kom frá Svíþjóð og var rúnnað á báðum kontum. Stálið var 5 x 25 mm að þykkt. Hitað í tveggja hólfa smiðju svo hægt væri að randbeygja það og síðan var því dýpt í málningu. Flatjárn var beygt fyrir stuðarann. Smiðað var mót fyrir stuðarann og flatjárn beygt fyrir stuðarann.

Timbrið var innflutt beyki sem kom frá Horsens í Danmörku og var smiðað á staðnum. Timbrið var lakkað með glæru lakki og járníð rauðlakkað. Lakkið framleitt hjá Málningu hf. Síðan voru sleðarnir seldir víða, út um allt land, en þó í mestu magni hjá Versluninni Geysi og Hellas.

Framleiðsla lagðist af undir 1960 en einhver einstaklingur tók að framleiða sleða, annars staðar, en í mjög litlum mæli þó.

Hrafnkell og Sigurður voru sammála um að þetta hafi verið mjög skemmtilegur tími og Sigurður fullyrti að framleiðslan hefði haldið í sér lífinu því laun lærlinga á þessum tíma voru mjög lág. Eins ræddu þeir um að margir eftirminnilegir og skemmtilegir karakterar hefðu starfað hjá Vagnasmiðjunni á þessum tíma. Meðal starfsmann var m.a. maður að nafni Böðvar Magnússon sem var fyrsti og eini íslendingurinn sem tók sveinspróf í vagnasmiði árið 1946. Sigurður og Hrafnkell nefndu það að skemmtiferðir, starfsmannaferðir, hefðu verið farnar út á land með Bjarna í Túni og það kom fyrir að eigendur bíla sem framleiddir voru í Vagnasmiðjunni buðu stundum í bíltúra þegar búið var að smíða yfirbyggingarnar og þá hafi verið slett úr klaufunum.

Við þökkum Hrafnkeli fyrir afnot af myndunum og þeim félögum Sigurði og Hrafnkeli fyrir frásögnina. Við látum annars myndirnar tala sínu máli.



Böðvar Magnússon vagnasmiður setur saman sleða.



Guðmundur Ágústsson og Gunnsteinn Guðsteinsson.



Hrafnkell Gislason vinnur við málun á sleðameiðum.



Jóhann Hálfðánarson í samsetningu sleða.

**Samhliða framleiðslu
á öllum tegundum af
hestvögnum og sleðum
framleiðum vér bif-
reiðayfirbyggingar á
allar tegundir bifreiða**



**einnig réttingar og
bifreiðamálningu.**

Kristinn Jónsson

VAGNA- OG BÍLASMÍÐJA
FRAKKASTÍG 12 – REYKJAVÍK



Magnús Gislason.



VIRK starfsendurhæfing í Húsi fagfélaganna

Ráðgjafar fagfélaganna á Stórhöfða 31:

Hildur Petra Friðriksdóttir, Hlín Guðjónsdóttir, Guðrún Elínborg Guðmundsdóttir, Rakel Björk Gunnarsdóttir og Unnur B. Árnadóttir.

Ef þú ert félagsmaður FIT og veltir fyrir þér hvort þú þarft á starfsendurhæfingu að halda er fyrsta skrefið að panta tíma hjá lækni og ræða við hann hvort starfsendurhæfing hjá VIRK sé raunhæfur kostur fyrir þig.

Í starfsendurhæfingu hjá VIRK eru ráðgjafar með þér í liði, hvetja þig og hjálpa þér að finna leiðir framhjá hindrunum svo þú náir þínum markmiðum og komist í það starf og starfshlutfall sem hentar þér.

Hvað er starfsendurhæfing?

Starfsendurhæfing er þjónusta við fólk sem þarf stuðning við að komast út á vinnumarkað í kjölfar veikinda eða slysa. Hún á við þegar heilsubrestur hefur valdið fjarveru frá vinnu að hluta eða öllu leyti í lengri tíma og ekki er útlit fyrir að einstaklingur komist af eigin rammleik aftur á vinnumarkað.

Starfsendurhæfing getur tekið við af annarri endurhæfingu sem einstaklingur hefur fengið í heilbrigðiskerfinu.

Hvert er hlutverk VIRK?

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest en stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

Oftast er stefnt á fullt starf en ef um skerta starfsgetu er að ræða getur markmiðið verið að einstaklingur komist í hlutastarf. Um er að ræða markvissa einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi

einstaklings og því þarf að vera bæði vilji og geta til þess að taka þátt og sinna endurhæfingaráætlun eins og gert er ráð fyrir í þátttökusamningi.

Meginskilyrði fyrir þjónustu hjá VIRK eru eftirfarandi:

- Að viðkomandi geti ekki sinnt starfi að hluta eða öllu leyti eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubrests sem rekja má til veikinda eða slysa. Um að ræða fjarvistir frá vinnu í lengri tíma vegna heilsubrests af andlegum eða líkamlegum toga.
- Að markmið einstaklings sé að verða aftur virkur þátttakandi á vinnumarkaði, eða auka þátttöku á vinnumarkaði, svo fljótt sem verða má.
- Að geta og vilji sé til staðar til að taka markvissan þátt í starfsendurhæfingunni og fylgja þeirri áætlun sem þar er sett fram.

Auk þess er nauðsynlegt að:

- Einstaklingur sé fær um að axla ábyrgð á eigin lífi, geta tekið þátt í athöfnum daglegs lífs og sinnt nauðsynlegum þáttum starfsendurhæfingar.
- Einstaklingurinn hafi þörf fyrir þjónustuna og hún sé til þess fallin að auðvelda honum að fara aftur til vinnu.
- Þjónustan sé líkleg til árangurs á þeim tíma sem hún er veitt.
- Hafa samráð við viðeigandi aðila, s.s. lækni, meðferðaraðila og atvinnurekanda þegar við á.

Þjónusta VIRK er til staðar á helstu þéttbýlisstöðum landsins, er einstaklingsmiðuð og er einstaklingum að mestu að kostnaðarlausu. Á vegum VIRK starfa fjölmargir sérhæfðir ráðgjafar sem eru staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land. Þeir veita einstaklingum stuðning í gegnum starfsendurhæfingarferlið. Einnig er í vissum tilfellum fengin aðstoð atvinnulífstengla þegar þörf er á.

VIRK á í miklu og góðu samstarfi við fagfólk um allt land og leggur áherslu á að þjónustan sé fagleg og til þess fallin að auðvelda einstaklingum endurkomu á vinnumarkað. Úrræði standa nú í auknum mæli einnig til boða í fjarfundaformi, bæði viðtöl og námskeið og hefur það komið sér afar vel í heimsfaraldrinum.

Einstaklingar sem eru í vafa um hvort þeir þurfi á starfsendurhæfingu að halda eru hvattir til að ræða við lækni eða umsjónarmann sjúkrasjóðs stéttarfélags. Einnig er hægt að snúa sér beint til VIRK ráðgjafa.

Á heimasíðu VIRK <https://www.virk.is/> eru greinargóðar upplýsingar og svör við algengustu spurningum ásamt stuttum myndböndum sem geta gefið góða mynd af því hvernig starfsendurhæfingarferill getur verið.

Á síðunni <https://www.velvirk.is/> eru svo aftur mjög góð hollráð og

upplýsingar um það hvernig fólk getur stundað forvarnir og bætt heilsu sína á marga vegu því *betra er heilt en vel gróið*.

Starfsendurhæfing er mjög einstaklingsmiðuð og getur varað í mislangan tíma eftir atvikum en algengast er að ferillinn taki 6-12 mánuði.

Í einhverjum tilvikum getur einstaklingur þurft að skipta um starfsvettvang vegna heilsubreysts. Vinna iðnaðarmanna er í mörgum tilfellum líkamlega erfið og ef ekki er hægt að sníða vinnuna eftir færninni þarf oft að opna hugann og líta í aðrar áttir, finna nýjan starfsvettvang og hefja nýjan starfsferil. Menntun verður þó aldrei tekin frá fólki og oft nýtist fyrri menntun á nýjan hátt í öðru starfi. Það getur verið krefjandi að gangast við því að geta ekki lengur unnið á sama hátt og áður, en það getur opnað á alveg nýja möguleika. Stundum þarf nýja menntun en stundum þarf bara að finna leiðir framhjá hindrunum og koma auga á möguleikana. Í einhverjum tilfellum þarf líka að horfast í augu við að vinnugetan sé orðin skert þannig að færniskerðing vegna sjúkdóma eða slysa geri fólki ókleift að sinna fyrra starfi.

Flestir vilja þó áfram taka virkan þátt í samfélaginu, finna að vinna þeirra skipti máli og þeir séu hluti af teymi eða vinnustað, hafi tilgang og ástæðu til þess að fara á fætur.



„Ég gefst ekki upp“

Viðtal við
Garðar Grétarsson



„Ég greindist með hryggíkt rösklega tvítugur. Verstur var ég á morgnana, ég fór að missa æ meira úr vinnu, þetta vatt upp á sig með árunum, vefjagigt fór líka að hrjá mig. Loks fór ég fór í þjónustu hjá VIRK sem ég hef nýlega lokið,“ segir Garðar Grétarsson, 28 ára iðnaðarmaður. Við sitjum saman í fallettri stofu í nýrri blokk í Kópavogi þar sem hann býr ásamt unnustu sinni Ellen Lind Sigurjónsdóttur.

„Í upphafi fann ég fyrst og fremst fyrir verkjum í hnjónum. Ég leitaði til læknis en það fannst aldrei neitt. En ég prófaði allt, því ég gefst ekki upp. Fór til sjúkrahjálfa og til kírópraktors. Hjá honum var ég í eitt og hálft ár og kom alltaf verri til baka. Sá maður er með gigt og hann nefndi loks við mig að þetta gæti hugsanlega verið gigt. Í framhaldi af því fór ég til gigtar-læknis og hann greindi mig með hryggíkt. Ég fékk líftæknilyf við gigtinni, það gjörbreytti öllu. Þá fór ég að geta mætt í vinnuna á hverjum degi. Ég lærði blikksmíði í Borgarholtsskóla og var í fullri vinnu meðan ég stundaði það nám. Það tók töluvert á en gaf mikið, ég hef unnið við rafvirkjun, járnsmíði og blikksmíði,“ segir Garðar.

„Ég hóf störf hjá Blikksmíðjunni Vík fyrir rétt rúmu ári. Snemma síðast liðið vor fór ég að finna fyrir öðruvísi verkjum. Ég fór til gigtar-læknis og hann greindi mig fyrst með liðagigt en nokkru síðar breytti hann greiningunni í vefjagigt.

Þetta var ekki gott ástand. Ég var að vinna við klæðningar á þöku. Skemmtileg vinna, ferskt loft og gott útsýni. En í sumar var ég kominn með það mikla verki að ég lagðist í sófann þegar ég kom heim og beinlínis skalf af verkjum. Þá fór ég að hafa verulegar áhyggjur. Ég reyndi að gera það sem ég gat, fór í sánabað, aftur til kírópraktúrsins,

í sund og í sjúkrahjálfun. Best reyndist mér infrarauði sánaklefinn. Ef ég sat þar inni í 40 mínútur þá gat ég mætt í vinnuna næsta dag og verið nokkuð góður í svona fjóra klukkutíma. Þegar ég flyt í stærra húsnæði þá ætla ég að fá mér infrarauðan sánaklefa og heitan og kaldan pott,“ segir Garðar og brosir.

Fann fyrir fordómum gagnvart VIRK Hvenær varðst þú óvinnufær?

„Í haust áttaði ég mig á því að ég gat ekki unnið - eftir hádegi var ég búinn að vera. Ég fór til heimilislæknis og hann benti mér á VIRK sem möguleika, bauðst til að sækja um fyrir mig. Ég hafði ekki áður heyrt um VIRK og átti ekki mikinn veikindarétt.

Mér fannst svolítið óþægilegt og fann fyrir fordómum gagnvart því að leita til VIRK en ég gat bara ekki meira - ég varð eitthvað að gera. Það leið stuttur tími þar til ég fékk samþykki fyrir að komast í þjónustu hjá VIRK. Gigtarlæknirinn lét mig fá veikindavottorð og sagði mér að ég yrði að hætta að vinna. Ég ræddi við vinnuveitandann og við tókum sameiginlega ákvörðun um að ég myndi hætta vegna veikinda. Ég hafði svo samband við FIT - Félag iðn- og tæknigreina. Þar var mér mjög vel tekið. Í ljós kom að af því að ég sagði upp vegna veikinda þá átti ég inni fjögurra mánaða veik-

”

Ég fór til heimilislæknis og hann benti mér á VIRK sem möguleika, bauðst til að sækja um fyrir mig. Ég hafði ekki áður heyrt um VIRK og átti ekki mikinn veikindarétt“

indaleyfi hjá stéttarfélaginu á fullum launum. Þetta vissi ég ekki en hjálpaði mér mjög mikið – gaf mér tíma til að átta mig aðeins á hvað ég vildi gera.“

Fannst þér samstarfsmenn þínir hafa skilning á þessu ástandi?

„Peir yngri höfðu það og einn af eldri mönnunum, sem átti konu sem var með gigt. Eldri kallarnir sögðu „Maður verður bara að hrista svona af sér, þrauka bara.“ Einn sagði: „Ég gat ekki labbað stundum, en ég bara mætti.“ Peir höfðu farið þetta á hnefanum, mættu kannski klukkan sex að morgni og unnu til tíu á kvöldin. Svona viðhorf er frekar ríkjandi í eldri aldurshópnum. Það er mjög mikill munur á því að vinna með eldri mönnum en ungum að þessu leyti. Þetta er þó auðvitað ekki algilt. Ég hugsaði með mér: „Hvernig ætli ég verði þá þegar ég er orðinn sextugur?“ Líf margra svona manna er ekkert nema vinna. En ég er ungur og mig langar til að fá eitthvað annað út úr lífinu heldur en bara að vinna. Ég fór svo til ráðgjafa hjá VIRK.“

Hafðir þú einhverja hugmynd sjálfur um hvers konar endurhæfingaráætlun þú vildir leggja upp með?

„Nei. Ég sá eftir starfinu mínu, ég hafði verið að vinna við það sem ég elskaði. Þetta var vel borgað og veitti frelsi. Blikksmiðjan Vík er besti vinnustaður sem ég hef unnið á. En þarna var ég farinn að vera dálítið þungur þótt ég sé að eðli til mjög jákvæð manneskja. Ráðgjafi hjá VIRK bauð mér að fara til sálfræðings. Fáir ég eitthvert verkefni þá leysi ég það og fyrir mér þá var þetta verkefni, að ná heilsu. Ráðgjafinn benti mér líka á námskeið um vefjagigt sem ég ákvað að sækja. Ég vildi nýta mér allt sem gæti orðið mér til hjálpar. Ég var í heilsurækt og hef verið lengi, það hefur örugglega hjálpað mér töluvert. Maður þarf að stunda líkamsrækt þegar maður er með gigt, en finna hvað maður getur. Við vefjagigtina hrundi þol mitt og kraftur alveg niður í 10% miðað við að hafa áður verið 90%. Núna er ég að komast upp í 80% þrek. Hægt og rólega hef ég verið að byggja mig upp aftur.“

Sálfræðingurinn náði að hjálpa mér heilmikið með því að spjalla við mig um gigtina. Það er gott að létta á sér þegar manni líður illa.

Vefjagigtarnámskeiðið reyndist mér mjög vel. VIRK borgaði þetta allt og það skipti miklu máli. Einnig fór ég til Gigtarfélagsins og fékk vaxmeðferð fyrir hendur. Það hjálpaði dálítið.“

Hvernig var að hætta að vinna?

„Það var mjög erfitt. Mér fannst ég vera hálfgerður aumingi. Smám saman varð mér ljóst að ég gæti ekki snúið aftur í svipaða vinnu og ég var í áður. Ég varð að sleppa tökunum. Ég er þó orðinn mikið betri en ég var í sumar. En ég mun aldrei losna við hryggjiktina, ég verð alltaf að vera á líftæknilyfjum.“ Youtube þar getið þið skoðað vikulega upptöku hjá mér og fleirum ef þið viljið.“

VIRK hjálpaði mér mikið

Ertu sáttur við aðkomu VIRK að þínum málum?

„Já, VIRK hjálpaði mér mjög mikið. Ég setti mér það markmið að láta þessa fjóra mánuði sem ég var á launum duga til að endurhæfast og það tókst. Þér að segja þá er ég líka með ADHD sem vinnur dálítið á móti gigtinni. Ég er fullur af orku og langar til að gera heilmikið en gigtin setur manni ákveðin viðmið.“

Ég vil geta þess að unnusta mín veitti mér mikinn styrk á meðan á þessum erfiðleikum mínum stóð. Það var erfitt fyrir hana í sumar að sjá mig liggja í sófanum með öskrandi verki. Ellen hefur verið mín hægri hönd í öllu þessu ferli.“

Hvað skilaði þér bestum árangri í VIRK að þínu mati?

„Vefjagigtarnámskeiðið. Þangað komu meðal annars sálfræðingur, gigtarlæknir og sjúkraþjálfari. Maður þarf að skilja sjúkdóminn og þessir aðilar hjálpuðu mér til þess. Um leið ég og fór að skilja sjúkdóminn fór ég að geta unnið úr honum. Ég hefði ekki getað gert þetta sjálfur. Ég væri ennþá liggjandi í sófanum grátandi af verkjum ef ég hefði ekki farið til VIRK. Ráðgjafinn sleppti heldur ekki strax af mér hendinni, hann hefur hringt öðru hverju og spurt hvernig mér gangi og líði. Ef mér versnar aftur mun ég hafa samband við VIRK á ný.“

”

Ég væri ennþá liggjandi í sófanum grátandi af verkjum ef ég hefði ekki farið til VIRK. Ráðgjafinn sleppti heldur ekki strax af mér hendinni, hann hefur hringt öðru hverju og spurt hvernig mér gangi og líði“

Hvað fannst þér erfiðast í þessu ferli fyrir utan verkina?

„Mér fannst svolítið erfitt þetta með vefjagigtina – fannst hún dálítil „kerlingasjúkdómur“. Vefjagigt er í miðtaugakerfinu og heilanum og veldur því stundum einskonar „lygaverkjum“. Mér er minnstæður fundur á námskeiðinu, þar sem aðstandendur voru með. Þeir voru beðnir að fara út og eftir sátu vefjagigtar-sjúklingarnir – ég með tólf konum. Ég hugsaði þá: „Ég á ekki heima hér.“ – Þetta er sjúkdómur sem reynir á skilning fjölskyldu og vina. Mamma hringir í mig tvisvar í viku til að athuga hvernig mér líði.“

Hvernig gekk að finna vinnu aftur?

„Ég fór inn á vinnumiðlunina Alfreð og fór að sækja um alls konar störf. Ég fór í nokkur viðtöl til að athuga hvað menn hefðu að bjóða og hvernig væri bargað. Það endaði með að ég réði mig hjá Hótel

Borg sem húsvörður í almennt viðhald. Það gefur alveg þokkaleg laun og það er gott að vera kominn í vinnu. Þetta er gamalt lúxus-hótel og að mörgu að dytta en þetta er skemmtilegt umhverfi. Það sem best er við þetta starf er að vinnutíminn er talsvert frjáls. Og þetta er fjölbreytileg vinna. Það þýðir að maður lærir ýmislegt nýtt. Maður þarf að fara inn á YouTube og athuga hvernig eigi að gera hitt og þetta – það er skemmtilegt.“

Hverjar eru framtíðaráætlanir þínar?

„Mig langar að klára iðnfræðinginn í Háskólanum í Reykjavík, þá fæ ég meistaraþráttindi. Svo jafnvel að fara í tæknifræði. Mig langar sem sagt að geta unnið bæði verklega og einnig við tölvu.“

Viðtal: Guðrún Guðlaugsdóttir





Kosningar í embætti hjá Félagi iðn- og tæknigreina

Í 17. gr. laga félagsins segir:

Fyrir 1. febrúar ár hvert skal stjórn félagsins gera tillögu um uppstillingarnefnd sem starfar á milli aðalfunda. Fyrir aðalfund ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, sex meðstjórnendur og tveir varamenn, en hitt árið sex meðstjórnendur og þrír varamenn. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum samkvæmt ákvæðum 16. greinar.

Á aðalfundi skal árlega kjósa uppstillingarnefnd, tvo skoðunarmenn reikninga, helming trúnaðarráðs og fulltrúa í fulltrúaráð lífeyrissjóða sem FIT á aðild að. Auk þess skal kjósa fulltrúa á þing ASÍ og Samiðnar þau ár sem þau eru haldin.

Uppstillingarnefnd skal skila tillögum að framboðum í stjórn, nefndir og fulltrúaráð ár hvert og þing Samiðnar og ASÍ þau ár sem þau eru haldin **skal stjórn fyrir 1. febrúar kynna framkomnar tillögur á heimasíðu félagsins og í rafrænu fréttabréfi.**

Félagsmenn geta boðið sig fram til formanns eða stjórnar hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Komi aðeins ein tillaga fram er stjórnin sjálfkjörin, en ef fleiri tillögur koma fram skal viðhöfð allsherjaratkvæðagreiðsla eða rafræn kosning.

Um kosningu í trúnaðarráð og samninganefnd segir í 20. grein félagslaganna:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð gegnir hlutverki samninganefndar við gerð aðalkjarasamnings við Samtök atvinnulífsins (SA).

Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 41 félagsmenn og 41 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn. Skulu þeir númeraðir frá 1 - 82 og kjörnir þeir sem hafa oddatölu annað árið og jafna tölu hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfsgreinar og svæði félagsins. Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Þegar mikilvæg mál liggja fyrir og stjórn félagsins telur erfitt eða of tafsamt að ná saman félagsfundi skal formaður kalla saman trúnaðarráð og leggja málið fyrir það. Slík mál skal þó einnig leggja fyrir næsta félagsfund.

Við undirbúning kjarasamningsgerðar skal kalla trúnaðarráð til starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Trúnaðarráðsfundur er lögmætur þegar löglega er til hans boðað samkvæmt 14. grein laga þessara.

21. grein laganna fjallar um kjörstjórn og er eftirfarandi:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins.

Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir á sama hátt og stjórn. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Við aðrar allsherjaratkvæðagreiðslur skipar miðstjórn ASÍ þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Tillögur uppstillingarnefndar fyrir aðalfund FIT 2022

TILLAGA UM HLUTA STJÓRNAR TIL AÐALFUNDAR 2024

Tryggvi F. Arnarson
Kristján Þórðarson
Einar Þór Gíslason
Einar Smári Garðarsson
Andrés H. Hreinsson
Stefán Þór Pálsson
Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir

VARAMENN
Unnur Ósk Eggertsdóttir
Logi Halldórsson
Rúnar Bogason

TILLAGA UM AÐALMENN Í HELMING TRÚNAÐAR-RÁÐS TIL 2024

2	Sævar Jóhannsson	Reykjanesbæ	Húsasmiður
4	Kristján Geir Jóhannesson	Sauðárkróki	Bifvélavirki
6	Kristinn Bjarnason	Reykjavík	Bifvélavirki
8	Sigfús Birgir Haraldsson	Reykjavík	Bifvélavirki
10	Sigurður Ástráðsson	Selfossi	Bifvélavirki
12	Guðlaugur Rúnarsson	Reykjavík	Vélvirki
14	Finnur Traustason	Kópavogi	Málari
16	Anna Kristín Guðnadóttir	Reykjavík	Bifreiðasmiður
18	Reynir Olgeirsson	Reykjavík	Blikksmiður
20	Elías Þorsteinsson	Akranesi	Vélvirki
22	Svanhildur Björk Sigfúsdóttir	Reykjavík	Garðyrkjum.
24	Birgir Gíslason	Kópavogi	Málari
26	Benedikt Viggósson	Suðurnesjabær	Húsasmiður
28	Árni Stefánsson	Reykjavík	Pípulagningam.
30	Sigurþór Guðni Sigfússon	Reykjanesbæ	Múrari
32	Stefán Sigurþór Agnarsson	Vestmannaeyjum	Vélvirki
34	Ólöf Magnúsdóttir	Reykjavík	Tækniteiknari
36	Stefanía Stefánsdóttir	Grindavík	Tækniteiknari
38	Lilja Kristbjörg Sæmundsd.	Reykjavík	Hárið
40	Ragnheiður Árnadóttir	Þorlákshöfn	Þorlákshöfn

TILLAGA UM HELGMING VARAMANNA Í TRÚNAÐAR-RÁÐI TIL 2024

42	Valdimar Þorvaldsson	Akranesi	Vélvirki
44	Rúnar Breiðfjörð Ásgeirsson	Mosfellsbæ	Bifvélavirki
46	Alexander Þórðarson	Reykjavík	Bifvélavirki
48	Gunnar Kristinsson	Garðabæ	Múrari
50	Ívar Orri Guðmundsson	Kópavogi	Múrari
52	Magnús Heiðar Þorgeirsson	Kópavogi	Blikksmiður
54	Guðmundur Bergsson	Selfossi	Húsasmiður
56	Ellisif Malmo Bjarnadóttir	Selfossi	Skrúðgarð.
58	Ólafur Friðrik Ólafsson	Borgarnesi	Málmsuðum.
60	Berglind Ásgeirsdóttir	Reykjanesbæ	Garðyrkjum.
62	Georg Kristinn Sigurðsson	Reykjanesbæ	Húsasmiður
64	Bjarni Már Svavarsson	Grindavík	Húsasmiður

66	Jóhannes Grettisson	Vestm. eyjum	Húsasmiður
68	Magnús Már Haraldsson	Reykjavík	Pípulagningam.
70	Hans Ísearn	Mosfellsbæ	Múrari
72	Ingibjörg Kristín Valsdóttir	Mosvellsbæ	Tækniteiknari
74	Sigurður Hergeir Einarsson	Hafnarfirði	Vélvirki
76	Arnór Ágústsson	Reykjavík	Blikksmiður
78	Hildur Rán Tórshamar	Hafnarfirði	Hárið

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI FESTU LÍFEYRISJÓÐS 2022

Ólafur Magnússon	Reykjanesbæ
Sigmar Björnsson	Reykjanesbæ
Logi Halldórsson	Reykjanesbæ
Sævar Jóhannsson	Reykjanesbæ
Guðjón Þórhallsson	Reykjanesbæ
Gunnlaugur Hauksson	Suðurnesjabær
Sveinbjörn Jónsson	Reykjanesbæ
Ásbjörn Árnason	Suðurnesjabær

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI BIRTU LÍFEYRISJÓÐS 2022

1	Hilmar Harðarson	Reykjavík
2	Tryggvi Arnarsson	Reykjavík
3	Helgi Ólafsson	Reykjavík
4	Þorsteinn Kristmundsson	Hveragerði
5	Georg Óskar Ólafsson	Reykjavík
6	Stefán Þór Pálsson	Reykjavík
7	Sigfinnur Gunnarsson	Reykjavík
8	Einar Þór Gíslason	Reykjavík
9	Vilhjálmur Gunnarsson	Akranes
10	Andrés Haukur Hreinsson	Állftanesi
11	Sveinn Jónsson	Reykjavík
12	Gunnar Björn Gunnbjörnsson	Reykjavík
13	Kjartan Tómasson	Kópavogur
14	Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Hafnarfirði
15	Unnar Friðrik Sigurðsson	Akranesi
16	Birgir Gíslason	Kópavogi
17	Sigfús Birgir Haraldsson	Reykjavík
18	Úlfar Hróarsson	Hafnarfjörður
19	Gestur Pálsson	Garðabær
20	Ármann Ægir Magnússon	Hveragerði



TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á ÞINGI A.S.Í. 2022

Hilmar Harðarson
Tryggvi Arnarsson
Ástvaldur Sigurðsson
Vilhjálmur Gunnarsson
Ólafur Magnússon
Georg Óskar Ólafsson
Heimir B. Janusarson
Einar Þór Gíslason
Helgi Ólafsson
Sigfinnur Gunnarsson
Þorsteinn Kristmundsson
Andrés Haukur Hreinsson
Logi Halldórsson
Rúnar Bogason
Unnur Ósk Eggertsdóttir
Stefán Þór Pálsson
Kristján Þórðarson
Einar Smári Garðarsson
Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Kjartan Tómasson
Kristján Þórðarson
Sigríður Runólfssdóttir
Stefán Sigurþór Agnarsson
Ingigerður Magnúsdóttir
Ragnheiður Mekkín Ragnarsd.
Ármann Ægir Magnússon

TILLAGA FYRIR AÐALFUND 2022 UM KJÖRSTJÓRN TIL 2023

AÐALMENN

Kristinn Bjarnason	Reykjavík	Bifvélavirki
Logi H Halldórsson	Reykjanesbæ	Vélvirki

VARAMENN

Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Reykjavík	Bifvélavirki
Maron Tryggvi Bjarnason	Reykjavík	Bifvélavirki

TILLAGA UM FÉLAGSLEGA SKOÐUNARMENN TIL 2023

AÐALMENN

Birgir Gíslason	Kópavogi	Málari
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Hafnarfirði	Bifvélavirki

VARAMENN

Unnar Friðrik Sigurðsson	Akranesi	Vélvirki
Sigfús Birgir Haraldsson	Reykjavík	Bifvélavirki

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS VESTMANNAEYJA 2022

Stefán Agnarsson	Vestmannaeyjum	Vélvirki
Rúnar Bogason	Vestmannaeyjum	Vélvirki

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA 2022

Heimir Hafsteinsson
Hilmar Harðarson

TILLAGA STJÓRNAR UM UPPSTILLINGARNEFND MILLI AÐALFUNDA 2022 TIL 2023

Einar Þór Gíslason
Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Birgir Gíslason
Heimir B. Janusarson
Logi H Halldórsson

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM FULLRTÚA Á ÞING SAMIÐNAR 2022

Þar sem um mjög fjölmennan fulltrúahóp ræðir, gerir uppstillingarnefnd tillögu um að aðal- og varafulltrúar FIT á þing Samiðnar 2022 verði stjórn félagsins og varastjórn auk allra fullgildra félagsmanna sem kosnir hafa verið til trúnaðarstarfa á aðalfundum FIT 2021 og 2022.

LILJA Í HÁRINU

Viðtal við
Lilju Sæmundsdóttur



Margt hefur á daga Lilju Kristbjargar Sæmundsdóttur, fyrrverandi formanns Félags hársnyrtisveina, drifið frá því að hún ólst upp á Ströndum og til þess að taka þátt í hárgreiðslusýningu í París. Hún hefur einnig aflað sér fjölbreyttrar reynslu í háriðninni á þeim 20 árum síðan hún lauk sveinsprófi. Lilja varð formaður félagsins árið 2012, þegar hún tók við formennsku af Súsönnu B. Vilhjálmsdóttur, og stýrði því til ársloka 2021

Sagan

Félag hársnyrtisveina, sem nú gengur inn í Félag iðn- og tækni-greina, er félag sem byggir á gömlum grunni. Saga háriðnaðar er löng, fjölbreytt og flókin, en hún hófst á Íslandi í byrjun 20. aldar. Tvær rakarstofur voru stofnaðar í Reykjavík árið 1901 en fyrsta hárgreiðslustofan var stofnuð árið 1912. Þessi þróun bar þess merki að íslenskt samfélag var að breytast úr sveitarsamfélagi í borgarsamfélag. Stærstur hluti íslendinga sem menntuðu sig í háriðn fyrstu árin sóttu sína menntun til Danmerkur.

Með lögum um iðnnám frá árinu 1927 var tekið fram að meisturum bæri að senda nema sína í iðnskóla. Það var svo árið 1932 sem fyrstu rakarasveinarnir útskrifuðust úr Iðnskólanum í Reykjavík en fyrstu hárgreiðslukonurnar útskrifuðust frá Iðnskólanum á Akureyri árið 1936. Síðan fjölgaði nemum ört og jafnhliða fjölgaði hárgreiðslu- og rakarastofum.

Mörg félög

Rakarafélag Reykjavíkur var stofnað fyrir tæpum 100 árum eða árið 1924 og því voru bæði meistarar og sveinar. Rakarasveinafélag Reykjavíkur var hins vegar stofnað 1927. Félag hárgreiðslukvenna var síðan stofnað 1931. Sveinafélag hárgreiðslusveina var stofnað 1939. Félag hárgreiðslu- og hárskerasveina var stofnað 13. nóvember 1969 en við það sameinuðust Rakarasveinafélag Reykjavíkur og Sveinafélag hárgreiðslukvenna undir einum hatti. Það fólk sem að því stóð vissi að með því að sameina félögin stæðu þau betur að vígi við að afla réttinda og við gerð kjarasamninga. Eftir sameiningu iðngreina hárgreiðslu og hárskera var starfsheitinu breytt í núverandi heiti, hársnyrtir. Nafninu, Félag hárgreiðslu- og hárskerasveina var því breytt og kallaðist félagið Félag hársnyrtisveina frá haustinu 1998.

Lilja

Eftir þessa nauðsynlegu söguskýringu, þá skulum við aftur fara í upphaf þessarar greinar og beina athyglinni að síðasta formanni hársnyrti-sveina. Lagðar voru fyrir hana nokkrar spurninga.

Lilja Kristbjörg kemur til dyranna sem skörungslag kona en einnig brosmild, svo eftir er tekið. Fyrsta spurning til Lilju er auðvitað sú sem öll viðtöl byrja á. Hverra manna ert þú?

“Ég fæddist í Reykjavík í janúar 1975. Þjó fyrstu árin í Djúpavík á Ströndum. Foreldrar mínir fluttu til Reykjavíkur með mig og bræður mína þegar ég var þriggja ára. Við bjuggum í stutta stund í Breiðholtinu og svo í vesturbænum. Ég byrjaði í forskóla í Melaskóla en svo fluttum við í Hafnarfjörð sumarið 1981.”



Stúlkan sem horfir inn Reykjarfjörðinn (eins og hálfis árs í Djúpavík).

Lilja tók sér nú smá málhvöld en í augum hennar sást að hún minnstist liðins tíma með angurværð. „Snemma á vorin dvaldi ég hjá ömmu og afa í Djúpavíkum kringum sauðburðinn og kom svo yfirleitt ekki heim fyrr en í lok september eða eftir réttir. Að keyra traktor var ekkert tiltöku mál fyrir 11 ára snót úr bænum á þessum tíma. Þegar ég var orðin 12 ára fékk ég loksins að fara á sjóinn með afa á grásleppu og stundum á færi, svo þegar það kom mikill afli inn þá gat maður fengið vinnu í saltfiski í þrónni. Aðalmálið var náttúrulega að geta flakað fisk skammlaust.”

Strákastelpa

Þegar þarna var komið var sá sem hlustaði á Lilju kominn sjálfur norður á Strandir í huganum með Lilju. „Í sveitinni var ég oft ein af strákunum og gaf þeim ekkert eftir, mótmælti náttúrulega harðlega þegar ég átti að sjá um uppvaskið með ömmu af því að ég var stelpa og lét strákana sjá um það. Það var ekkert mál, ég henti þeim bara inn í eldhús og hleypti þeim ekki út fyrr en þeir voru búnir. Ég var mjög ákveðin og stríðin, mátti náttúrulega allt af því að ég var eina stelpan og amma hló alltaf að mér þegar ég var búin að gera strákana pirraða og brjáláða og stundum hrædda.”



Snemma beygist krókurinn, amma í greiðslu (4 ára).

Nauðsynlegt að þvo hárið eftir uppvaskið (5 ára).

Það er sagt að snemma beygist krókurinn sem verða vill og ætli þetta lýsi Lilju ekki ágætlega, ákveðni, mátuleg stríðin og réttsýni. Hvað draum hafði þessi unga snót? „Ég ætlaði mér að verða sálfræðingur þegar ég var lítil, var sannfærð um að ég gæti gert heiminn betri og lagað hugsanavillur hjá fólki. Hafði og hef litla þolinmæði fyrir óréttlæti og yfirgangi, svo nenni ég engu kjaftæði. Þegar ég varð unglingur fékk ég óbilandi áhuga á því hvað gerði menn að glæpamönnum. Í hvert sinn sem ég fékk tækifæri til að skrifa ritgerð í Lækjarskóla þá skrifaði ég um þetta málefni og vann heimildarvinnu á löggustöðinni hjá Gissa lögggu, ég hringdi bara í hann og pantaði tíma og var alltaf velkomin.”

Hár

Enn....Lilja hugsar sig um smá stund og heldur svo áfram ákveðin. „En þegar ég hugsar mig um þá hafði ég mikla þörf fyrir að þvo á mér hárið þegar það var búið að vaska upp. Frá því að ég var eins og hálfis árs, þá fann ég leið, með allskonar upphækunum, ráðum og dáðum, að koma höfðinu undir krana í hárvott, jafnvel ískalt” Segir Lilja og er augljóslega skemmt og brosir með öllu andlitinu.



Ískaldur hárvottur.



Krúnurökuð. Fulltrúi nema á námskeiði hjá HJ (19 ára).

„Það er eiginlega tilviljun að ég lærði hársnyrtið. Ég fór í Iðnskólann í Hafnarfirði eftir grunnskóla og var algjörlega týnd hvað ég vildi gera og verða. En mamma mín sá til þess að ég gæfist ekki upp og kom mér í Iðnskólann. Ég fór á almenna braut með vinkonu minni og við fengum kynningu á alls konar iðngreinum Þar kviknaði áhugi minn á hársnyrtið og ég sótti um og komst inn. Mér gekk vel í náminu og fagið lá vel fyrir mér. Ég fór á samning strax eftir fyrstu önnina, en ég fékk ábendingu um að það vantaði nema á Hársnyrtistofuna Kristu í Kringlunni, ég fékk að koma í prufu hjá Hönnu Kristínu, og fékk samning. Krista var á þeim tíma ein af þeim stærstu með yfir 30 sarfsmenn og fjórir nemar á ári fóru í sveinsprófi. Ég tók burtfararpróf júlín 1994 og sveinspróf vorið 1995.“



Aðstoða á Sebastian litashowi hjá HJ.



Amma í lagningu á æfingamorgni í Hársnyrtistofu Kristu.

Sveinn

Lilja hefur þann eiginleika að geta sagt skemmtilega frá og er góður sögumaður. „Eftir námið hélt ég áfram að vinna á Kristu sem sveinn, mér leið mjög vel þar. Ég var alltaf að keppa, vann t.d. Junior Intercoiffeur (alheimssamtök hársnyrta) keppni hér heima og fékk að fara á stóra sviðið í París 22 ára gömul. Í framhaldinu tók ég að mér aðstoð við námskeiðshald, vildi alltaf vera þar sem voru nýjungar og læra meira og allskonar tækni í litum og klippingum. Ég fór síðan í meistarakólann svona ef mig skildi langa að opna stofu, þó að það hafi aldrei verið planið. Ég fór að vinna hjá Halldóri Jónssyni hf. sem seldi hársnyrtivörur og var ég send í þjálfanir út um allan heim, og síðan starfaði hjá B-Pro sem er heildsala með hársnyrtivörur.“



Tekur á móti viðurkenningu og á stóra sviðinu á Intercoiffiure sýningunni sem var haldin í París, Frakklandi.

Félagsstörf

En hvers vegna ákvað hún að gefa kost á sér að verða formaður Félags hársnyrtisveina? „Það var eiginlega bara tilviljun, ég var bara allt í öllu allsstaðar þegar það var eitthvað „hár“. Sá auglýstan aðalfund og mætti og gaf kost á mér í stjórn, en það gekk ekki eftir, þannig að ég fór bara að mæta á fundi þegar ég sá þá auglýsta og svo á einum aðalfundinum, þá tókst mér að verða varamaður í stjórn, rétt fyrir aldamótin, sem var bara fín leið til að kynna sér hlutina. Ég varð svo varaformaður árið 2004 og árið 2012 varð ég formaður.“

Þegar Lilja byrjar að ræða um málefni náms í hárið þá lifnar hún öll við og verður ákveðin á svip. „Námið hefur bara þróast ágætlega í gegnum tíðina, sérstaklega vel þegar það er samtal á milli atvinnulífsins og menntamálaráðuneytisins. Það er nauðsynlegt að fara í gegnum námið reglulega og uppfæra þegar tíðarandinn breytist. Starfsgreinaráð snyrtigreina hefur í gegnum tíðina verið á tánum gagnvart náminu og endurskoðað hæfnikröfur starfsins þegar þurfa þykir. En það er eitthvað smá rof núna, því miður, þá er margt óljóst með reglugerðina sem nafna mín setti á og tók í gildi í ágúst í fyrra. Það verður bara að krossleggja putta og vona það besta.“

Það hefur verið mjög fróðlegt að ræða við Lilju og einnig finna hvað hún er lifandi, jákvæð og skemmtileg. Hvernig sérðu málin almennt þróast hjá fagfélögunum á Stórhöfða? „Bara mjög vel, saman erum við sterkari heild, það er hellingur af tækifærum sem felast í aukni samstarfi. Það er mikilvægt að horfa jákvætt á hlutina og þróast í takt við breytta tíma með þarfir félagsmanna í fyrirrúmi.“

Umferðaróhapp vegna hárgreiðslu

Jafnvel skemmtilegustu samtöl taka enda en það er forvitnilegt að spyrja að lokum um persónuleg áhugamál og drauma. „Elda og borða góðan mat, líkamsrækt, ferðast, búa til óvissuferðir með vinum og bara hafa gaman....“ Lilja lygnir aftur augun og segir „í húsinu mínu á Ítalíu sem ég á eftir að finna.“

Augu þess sem tekur þetta viðtal staðnæmdust við nýju hárgreiðsluna hennar og hefur á orði að það væri ómögulegt að vita raunverulegan hárlit kvenna.

Lilja Kristbjörg skellihlær að þessari athugasemd og segir. „Ég hef sennilega litað hárið á mér í öllum regnbogans litum, fýla alls ekki að vera ljóshærð, ef ég geri það þá er ég búin að lita það dökkt aftur innan viku. Þegar ég var yngri þá var maður í skæru litunum og ég man einu sinni eftir því að hafa, nánast, ollið umferðaróhappi vegna hárgreiðslu sem fór aðeins fram úr sér.“



Leiðbeinandi á Wella sýningu fyrir um 200 Norðmenn sem komu til Íslands að sækja nýjungar árið 1998.



Haustið 2021: Andri Týr Kristleifsson formaður Meistarafélags hársnyrta, Lilja og Jón Aðalsteinn Sveinsson fyrrv. formaður MFH. Ljósmynd: Jón Svavarsson



BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR



Sjóðfélögum Birtu býðst að taka lán há sjóðnum að uppfylltum skilyrðum lánareglna

Afborgunarform: Jafnar afborganir eða jafnar greiðslur

Lánstími: 5-40 ár

Veðsetningarhlutfall: 65% en 75% ef fyrstu kaup

Hámarkslán: 65 milljónir kr.

Það er einfalt að sækja um rafrænt á birta.is

HAGSTÆÐ SJÓÐFÉLAGALÁN

Í boði eru:

- **Óverðtryggð lán** með breytilegum vöxtum
- **Verðtryggð lán** með breytilegum vöxtum
- **Verðtryggð lán** með föstum vöxtum

**KYNNTU ÞÉR
MÁLID Á [BIRTA.IS](https://birta.is)**